

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 25. janúar 2024  
Mnr. 2024010049



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - útfærsla á þjónustu knattspyrnusvæðis á Torfnesi

Mál þetta var lagt fyrir bæjarráð þann 22. janúar 2024 (sjá minnisblað dags. 18. janúar 2024) og var niðurstaðan að fela sviðsstjóra skóla- og tómsfundasviðs að koma með útfærslu á hvernig þjónustunni á knattspyrnuvöllum yrði háttáð.

### Kostnaður vegna samnings

Það skal leiðrétt hér að beiðni knattspyrnudeildar Vestra um samning um umsjá með knattspyrnusvæði hljóðar upp á 7 mánaða samning en ekki 6 mánuði, eins og kom fram í fyrra minnisblaði. Þýðir það kostnað upp á kr.607.638 á mánuði eða kr.4.253.466 fyrir alla 7 mánuði. Verði það samþykkt þarf að gera viðauka upp að kr.2.505.198. Það skal þó tekið fram að verkefnum vallarstarfsmanna verður ekki alltaf hægt að sinna á venjulegum dagvinnutíma. Miðað við viðhaldsáætlun gervigrassins þarf að sinna völlum tveimur daglega og þarf sérstaklega að yfirfara það eftir kappleiki sem fara yfirleitt fram um helgar. Ef Ísafjarðarbær á að sinna þessum verkefnum má áætla að það þurfi að greiða yfirvinnutíma sem er ekki búið að áætla fyrir, enda engin reynsla komin á hversu mikill tími fer í að sinna völlum.

### Verkefni og viðhald á gervigrasi

Mikilvægt er að fylgja viðhaldsáætlun ([Synthetic turf servicing and maintenance](#)) sem fylgdi með gervigrasinu og brýnt að umsjónarmaður knattspyrnuvallanna lesi hana vel. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi atriði sem þarf að sinna til að viðhalda gæðum grassins:

- Dagleg ástandsskoðun vallarins
- Fjarlægja lauf, pappír og aðra aðskotahluti af vellinum, að lágmarki 1 sinni í viku og alltaf eftir leiki.
- Fjarlægja lauf, pappír og aðra aðskotahluti af jaðri vallarins.
- Fjarlægja náttúrulegan gróður sem vex í eða við gervigrasið.
- Fjarlægja samstundis beitta aðskotahluti eins og glerbrot, steina eða málmþúfa.
- Sópa völlum að lágmarki tvisvar sinnum í viku frá apríl-október, í þurru veðri.
- Fylgjast reglulega með stöðu gúmmíkurlinsins, hvort það sé nóg. Gert á nokkrum mismunandi stöðum á vellinum, eftir hvern leik á keppnisvelli og vikulega á æfingavelli.
- Athuga með skemmdir á vellinum eftir hvern leik og að lágmarki vikulega á æfingavelli.
- Þrifa gervigrasið (e. deep cleaning) á 1-3 ára fresti. Framkvæmt af fagaðila.
- Vökva völlum reglulega (kemur ekki fram hversu oft).

APPENDIX

1 OVERVIEW OF INSPECTION AND CLEANING ACTIVITIES

ACTIVITIES		PERFORMED BY	FREQUENCY					As required
			Every week	Every month	Every quarter	Every year	Every 2-3 years	
Inspection, maintenance and basic cleaning	Removal of waste	Responsible service personnel	■					■ After events
	Re-sand / re-fill with granules in stress zones Penalty spots, goal-mouths, corners	Responsible service personnel	■					■
	Sweep with a broom to maintain the filaments, or with a hay rake device to spread and loosen the infill, or as required	Responsible service personnel	■ approx. April-October, in dry weather					
	Inspection for damage	Responsible service personnel			■			■ After events
	Remove loose vegetation (pollen, leaves, etc.) using leaf blower or similar	Responsible service personnel	■ according to time of year	■ according to time of year				
	Remove weeds	Responsible service personnel						■
Intensive cleaning and other maintenance measures	Deep cleaning using a suction sweeper (requires dry weather!)	Specialist company**				■ if in shade and with vegetation nearby	■	
	major re-sanding / re-filling with granules	Specialist company**						■
	Cleaning of drainage systems	Responsible service personnel / specialist company**		■ open drainage channels	■ covered channel			
Repairs	stick down open seams	Specialist company*	■					■
	Repairing damage	Specialist company*						■
	Replace penalty spots	Specialist company*						■
	Replace penalty areas	Specialist company*						■

Polytan, (2023)

Óháð því hver hefur umsjón með knattspyrnuvöllunum þarf að útbúa handbók þar sem merkt er við með dagsetningu í hvert skipti sem verkefnið hér að ofan eru unnin. Ef Ísafjarðarbær á að sinna þeim verða þau sett inn í stundatöflu knattspyrnuvallanna svo vinna vallarstarfsmanna skarist ekki á við æfingar hjá knattspyrnufélögum. Yrði það útfært í samráði við félögin.

## **Umsjá með vallarhúsi**

Þrifa þarf vallarhúsið reglulega og þarf að gera þrifaplan í samráði við knattspyrnudeild Vestra og knattspyrnufélagið Hörð. Í grófum dráttum gæti þrifaplanið litið svona út:

1. Ruslakörfur tæmdar – daglega
2. Gólf skúruð – 2-3 sinnum í viku eða eftir þörfum.
3. Gólf sópuð – 2-3 sinnum í viku eða eftir þörfum.
4. Þurrka úr vaski – 2-3 sinnum í viku eða eftir þörfum.
5. Þrifa salerni og sturtur – 2-3 sinnum í viku eða eftir þörfum.

Vallarstarfsmaður kæmi daglega í vallarhúsið til að meta þörfina fyrir þrif. Lögð yrði sérstök áhersla á að hafa klefa ávallt hreina fyrir kappleiki. Vallarstarfsmaður þarf einnig að sinna minniháttar viðhaldi á knattspyrnusvæðinu og því mikilvægt að skoða svæðið reglulega.

**Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til beiðni knattspyrnudeildar Vestra um samning um umsjá knattspyrnusvæðis á Torfnesi.**